Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÞÝSK1GR05
Kennari:	Hólmfríður Friðjónsdóttir
Önn:	Haust 2026
Áætlun unnin:	13.ágúst 2026

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- greina og setja fram þann orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans

- flokka og greina grundvallarþætti þýska málkerfisins

- setja fram og fá skilning á menningu, samskiptavenjum og siðum þýskumælandi landa og þjóðanna þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

-greina talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt og geta fylgt einföldum fyrirmælum og skilið helstu kveðjur og kurteisisávörp

-lesa og greina orð og mjög einfaldar setningar úr daglegu lífi.

-taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um efni sem hann þekkir.

-tjá sig um sjálfan sig, fjölskyldu sína og atburði daglegs lífs með því að beita grunnorðaforða tungumálsins.

-skrifa stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi.

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

-hlusta á og greina einfalt talað mál um sjálfa/n sig og nánasta umhverfi

-rökstyðja og bera saman notkun á einföldum setningum yfir athafnir daglegs lífs.

-leggja grunn að einföldum samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni.

-draga ályktanir og nota einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu sinni og fólki sem hann þekkir.
skipuleggja frásögn og rökstyðja orðaval í skapandi skrifum. ...sem er metið með... Munnleg og skrifleg smærri og stærri verkefni sem dreifast jafnt yfir önnina.

sem metið er með:	munnlegum og skriflegum smærri og stærri verkefnum sem dreifast jafnt yfir önnina.

Námsefni:	Sett inn í Moodle jafnt og þétt alla önnina frá kennara
Námsmat:	
	Munnleg og skrifleg verkefni, hlustunar- og upplestrarverkefni jafnt og þétt alla önnina: 100%

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Kennari setur í upphafi hverrar viku inn kennsluefni og verkefni því tengd ásamt nákvæmum útskýringum á tilhögun námsins.
Um skilafrest og vanskil:
Skilakassar loka kl. 23.59 á föstudögum og ekki er gefinn neinn frestur á verkefnaskilum. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinum verkefnaskilum í sérstökum tilfellum.